

1864.
28. júní.

49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um guðsþjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.

Með bréfi 23. aprílm. þ. á. hafið þér, háæruverðugi herra, sent kirkju- og kennslustjórninni skýrslu frá sóknarprestinum við Reykjavíkur dómkirkju, Ólafi prófasti Pálssyni, um það, að annar hinna katólsku klerka, sem eru í greindum bæ, hafi sunnudaginn 3. dag sama mánaðar haldið opinbera guðsþjónustugjörð eptir katólskum sið í húsi nokkru, þar sem sé umbúið sem í bænahúsi, og hafi mikill hluti bæjarmanna verið þar við; hafi klerkurinn þá flutt ræðu á íslenska tungu um yfirburði þá, er katólsk trúarbrögð ættu að hafa framyfir hina evangelisku trú; hafið þér meðal annars skýrt frá, að slík katólsk guðsþjónustugjörð hafi einnig fram farið tvo næstu sunnudagana á eptir, og farið þess á leit, að með öllu löglegu móti verði reistar skorður við athæfi því, sem hér er um rætt, er það virðist miða til þess að fá menn á Íslandi til að taka upp katólskan sið.

Þess skal hér getið, að skömmu eptir að bréf yðar var hingað komið, barst stjórnarráðinu bréf frá dómsmálastjórninni; er þar skýrt frá, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi leitað til hennar um hið sama málefni, og er þar einnig tekið fram, hvað henni sýndist eiga að gjöra í þessu efni og jafnframt beiðzt álits þessa stjórnarráðs um það. Um leið og yður er sent eptirrit af bréfi dómsmálastjórnarinnar, skal yður nú til vitundar gefið, að henni hefir í dag verið svarað á þá leið, að kirkju- og kennslustjórnin að sínu leyti fallist með öllu á álit það, sem dómsmálastjórnin hafi yfir lýst um málefni þetta¹, en þó verði að álíta, að hið fyrirhugaða forboð ekki geti verið því til tálmunar, að katólsku klerkarnir í Reykjavík haldi guðsþjónustugjörð eptir katólskum sið fyrir skipshafnirnar á frakkneskum herskipum og fiskiskipum, eður fyrir aðra katólska menn, er þangað kynnu að koma, og að kirkju- og kennslustjórnin ekki

¹) Álit dómsmálastjórnarinnar sést af bréfinu nr. 51 hér á eptir.

fyrir sitt leyti finni ástæðu til að gjöra meira í málefni þessu, en afsali dómsmálastjórninni frekari afskipti af því.

1864.
28. júní.

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um rán útlendra fiskimanna í Vigur.

29. júní.

Með bréfi 29. janúarm. þ. á. hafði þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, sent hingað útskrift af réttarprófi, sem sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hafði haldið, til að fá ýmsar skýrslur útaf kæru nokkurri frá Bjarna Sveinsyni, presti til Stafafells í Skaptafellssýslu, en kæra hans var inn færð í útskriftina, og hafði hið síðasta alþingi vísað henni til stiptyfirvaldanna með meðmælum sínum; en kæru þessari er þannig varið, að presturinn ber fram umkvörtun yfir því, og biður um endurgjald úr almennum sjóði fyrir það, að skipshöfnin á útlendu fiskiskipi, líklega frakknesku, hafi vorið 1863 framíð rán í eyinni Vigur, er liggur undir tæð prestakall; hafi skipverjar eptir því, sem skýrslur þær, sem um er rætt í bænaráskránni og prófinu, sýni, farið á land í ey þessari, sem er óbyggð, og liggur nokkuð langt undan landi, tekið egg og dún úr ædarfuglahreiðrum þar í eyinni og fælt burt þaðan fuglinn, svo að arðurinn af varpinu þar hafi sumarið 1863 aðeins verið 15 pund af hreinsuðum dún, en árið á undan hafi hann verið 30 pund.

Um leið og þér hafði lagt málefni þetta undir úrskurð kirkju- og kennslustjórnarinnar, hafði þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, getið þess, að ekki verði höfðað mál til skaðabóta útaf athæfi þessu, þaræð mönnum eigi hafi heppnast að fá neinar ítarlegri skýrslur um þá, er verkið hafi unnið, eður um nafn skipsins eður heimkynni, og að það reyndar sé mjög illa farið, að hlutadeigandi hafi orðið fyrir tjóni því, sem hér er um rætt, en varla verði álitíð, að hann hafi neina réttarkröfu til að fá endurgjald fyrir það úr almennum sjóði; á hinn bóginn hafði þér tekið fram, að eptir atvikum, sem hér